

73 manns Kolbeinssonar, sem er fólgin í jarðeigninni Vallarhjáleigu í Gaulverja-
18. maí bæjarhreppi í nefndri sýslu, og í sjóði, skal vera óskipt eign beggja hinna nýju hreppa. Öllum öðrum eignum hins núveranda Stokkseyrarhrepps, hinum árlega arði af nýnefndri gjöf, öllum skuldum, sem á honum hvíla, þegar skiptingin fer fram, og enn fremur öllum meðlögum með ómögum og fjárstyrk til þurfamanna, er sveitfesti hafa eignast í hreppnum, meðan hann var óskiptur, svo og ómagaframfærslu eða þurfamanna, er síðar kynni að koma til, og ætti rót sína í fjelagsskap þeim, sem hingað til hefir átt sjer stað milli hinna nýju hreppa, skal skipt milli hreppa þessara þannig að í hlut Eyrarbakkahrepps komi $\frac{2}{3}$ en í hlut hins nýja Stokkseyrarhrepps $\frac{1}{3}$.

3. Aðskilnaður hreppanna skal fram fara, þegar er antið hefir ákveðið tölu hreppsnefndarmanna í hvorum hreppi samkvæmt 2. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar og hinar nýju hreppsnefndir þar eptir hafa verið kosnar, en þær skulu síðan framkvæma skiptinguna á eignum, skuldum og sveitarþyngslum, en verði ágreiningur út af skiptingunni, skal úr honum skorið af hlutaðeigandi sýslunefnd, er einnig skal ákveða um fjallskil og atrjettir.

Þetta er yður, herra amtmaður, hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari aðgjörða, að því viðbættu að með framangreindri fyrirskipan er engi breyting gjörð á hinum forna Stokkseyrarhreppi hvorki sem dómpinghá nje manntalsþinghá.

74

Reikningur

yfir tekjur og gjöld gjafasjóðs Örum & Wulffs 1896.

Tekjur:

1. Eign sjóðsins 1. jan.:	
Innritunarskirteini A. fol. 92	kr. 4000,00
2. Leigur af innritunarskirteini A. fol. 92	— 140,00
	Samtals kr. 4140,00

Gjöld

1. Styrkur veittur Steindóri Jóhannessyni frá Hóli	kr. 140,00
2. Í sjóði við árslok:	
Innritunarskirteini A. fol. 92	— 4000,00
	Samtals kr. 4140,00

Íslands Norður- og Austuramt.

Akureyri 4. jan. 1897.

Páll Briem.

Húsavík 25. jan. 1897.

P. Guðjohnsen.